

**Formannafundur Taekwondofélaga á Íslandi**  
**4. desember 2007**  
**ÍSí, Engjavegi 6**  
**Salur E, 3ja hæð**

**Mættir eru stjórn TKÍ:**

Jón Ragnar Gunnarsson – formaður  
Ingi Páll - gjaldkeri  
Ólafur Sigvaldason - meðstjórnandi  
Halldóra Eldon - ritari  
Auður G. Sigurðardóttir - verkefnastjóri

**Fulltrúar eftirfarandi félaga:**

Auður Anna yfirþjálfari - Björk  
Ásdís formaður - Ármann  
Ólafur Björn yfirþjálfari - ÍR  
Kjartan - Fram  
Trausti Már Dan ráð – Fjölnir  
Arnar Snær - Afturelding  
Helgi Rafn Guðmundsson - Grindavík  
Rut Sigurðardóttir- Þór  
Rannveig Ævarsdóttir - Keflavík  
Ófeigur Leifsson formaður – Selfoss  
Magnea Kristín Ómarsdóttir yfirkennari - Selfoss  
Magnús Þór Benediktsson - Fjölnir  
Sigrún formaður– Björk  
Eduardo Rodriques – Björk  
Sigursteinn Snorrason yfirþjálfari – Fjölnir

**Dagskrá:**

**1. Íslandsmót 2008 – dagsetningar**

- Sparring
- Poomse
- Krakkamót

\*Spurningu varpað fram af hverju mótið var ekki haldið síðastliðinn apríl – ósk kom fram til TKÍ að mótinu yrðu frestað vegna anna eins af stærri félaganna. Í kjölfarið var reynt að halda það síðar en ekki náðust nógu margar skráningar til að halda mótið eða félögunum var ekki kleift að senda þátttakendur á mótið.

\*Tillaga kom fram að dagsetningar sem settar eru verða látnar standa og félögin undirbúa sig þá bara fyrir þær dagsetningar og skipuleggja mót á vegum sinna félaga í kringum það.

\*Tillaga um að halda Poomse mótin t.d. að hausti og Sparring í mars/apríl.

\*Krakkamót TKÍ – hugmynd að halda svoleiðis mót. Vilji TKÍ að halda svoleiðis mót fyrir öll félögin.

Hugmynd sem verður íhuguð betur og ákveðið með síðar.

## 2. Landsliðsnefnd / Mótanefnd / Framkvæmdaraðili.

- byggja upp landslið, halda utan um æfingar, halda stundaskrá og skrá mætingar
- landsliðsþjálfarar
- tilnefningar

\*Staðan í dag: ekkert landslið – enginn landsliðsþjálfari. Verkefni framundan sem við viljum senda Íslenskt landslið á.

a) Tillaga er að félögin tilnefni meðlimi aðildarfélaganna sem líklega kandidata í landsliðin sem síðan mæta á landsliðsæfingar og verða þjálfuð upp í landslið. Fyrir mót landsliða fellur það í verkahring landsliðsþjálfara að velja bestu keppendur að sínu mati hverju sinni til að fara utan fyrir hönd Íslands.

Landsliðsæfingar innihalda oftast fleiri kandidata en þá sem fara utan eins og raunin er í öðrum íþróttagreinum. Landslið er oftast skipað hópi manna sem keppa og varamenn. Ekki er hægt að senda alla sem stunda landsliðsæfingar, en hver og einn einstaklingur sem stendur sig vel hefur jafna möguleika á vali til þátttöku á mótum.

b) Tillaga um að þeir sem eru valdir í landslið, verði valdir eftir ákveðnu kerfi sem landsliðsnefnd og landsliðsþjálfarar útbúa og vinna eftir– t.d. eftir árangri og mætingum á landsliðsæfingar og frammistöðu á fyrri mótum.

c) Tillaga TKÍ er sú að félögin komi að vali á landsliðsþjálfara í Sparring og Poomse og það verði að nást sátt um það val meðal allra aðildarféлага svo hægt sé að vinna skipulega að uppbyggingu landsliðsins.

d) Tillaga um að auglýsa eftir þjálfara – þær umsóknir verða teknar til greina af TKÍ og þjálfari valinn.

e) TKÍ vill auglýsa eftir íslenskum þjálfara, eða þjálfara búsettum á Íslandi – Valin verður landsliðsnefnd sem félögin skipa, sem inniheldur fulltrúa frá hverju aðildarfélagi, sem skipar svo landsliðsþjálfara.

TKÍ tekur svo lokaákvörðun um ráðningu landsliðsþjálfara.

Engin landsliðsnefnd er starfandi í dag.

Niðurstaða málsins og samþykkt allra fundarmanna um að auglýsa eftir landsliðsþjálfara og sjá hvað kemur út úr því. Haldinn verður annar formannafundur í janúar þar sem félögin tilvísa nöfn í landsliðsnefnd og vonandi verða umsóknir landsliðsþjálfara frambærilegar á þeim fundi svo hægt sé að leggja fram gögn til umærðu um ráðningu.

Best væri að auglýsa eftir bæði Poomse þjálfara og Sparring þjálfara – sami umsækjandinn getur þó sótt um báðar þjálfarastöðurnar.

## 3. Norðurlandamót 2008

- tilnefningar keppenda í Poomse og Sparring.

Félögin leggja til nöfn sinna keppenda / Keppendur fara utan í landsliðsgöllum, stjórnarmeðlimur TKÍ og þjálfari til að halda utan um hópinn og það sem þarf. S.s. skráningar, keppnisdagskrá ofl.

## Norðurlandamót 2009

- á að vera haldið hér á landi.

TKÍ þykir Taekwondeild Keflavíkur góður kostur og hefur hug á að athuga hvort það gangi eftir. Sambandið vinnur að undirbúningi mótsins í samstarfi við ÍRB og Taekwondodeild Keflavíkur.

\*Tillaga um að TKÍ sambandið verði framkvæmdaraðili mótanna en að það þurfi að koma á mótanefnd til að halda utan um mótin. Félögin verða að koma að mótum framtíðarinnar, þá sérstaklega Norðurlandamótinu 2009. Á formannafundi næstkomandi janúar leggur TKÍ til að þá verði tilnefnd mótanefnd af félögunum. Þeirra verkefni verður það að koma að skipulagi móta á vegum TKÍ, 5 manna framvæmdarráð til dæmis. Sérnefnd þarf þó að mynda til að halda utan um Norðurlandamótið 2009 Tillaga samþykkt af fundarmönnum.

\*Norðurlandamót 2008 – tilnefningar í Poomse og Sparring – TKÍ leggur til að félögin tilnefni þátttakendur á Norðurlandamótið í janúar og TKÍ velur síðan endanlegan fjölda keppenda sem fara. TKÍ sér fyrir sér að hægt sé að senda 10-12 í keppni í Sparring og 4-6 í Poomse. Á Norðurlandamóti er einhver

beltatakörkun t.d. keppendur þurfa að vera með að minnsta kosti rautt eða svart belti. TKÍ getur ekki styrkt keppendur fjárhagslega á neinn hátt nema með skráningargjöldum og reynir að styrkja til þjálfara og jafnvel sjúkrapjálfa ef þeir eru í boði.

\* Tillaga um að skoða aðila sem áður hafa farið og hafa mikla reynslu í að stýra svona hóp.

\*Tillaga varðandi það að reyna að nota tekjur ef einhverjar eru af Íslandsmótum og slíku, ákveðna prósentu af því í t.d. til að styrkja keppendur sem eru að fara til að mynda á Norðulandamót. Einnig var rætt um hvert fjárhagslegur ágóði móta renni? Eðlilegast þykir að stofna sjóð sem TKÍ heldur utan og greiðir kostnað móta og tekur á sig taprekstur móta ef um það er að ræða. Einnig mætti nota ákveðna % af hagnaði, ef um hagnað af móti er að ræða, sem væri lagður inná sérreikning til að geta átt möguleika á að styrkja þátttakendur til keppni erlendis eða æfingabúða svo eitthvað sé nefnt.

\*TKÍ leggur til að fá send nöfn frá félögunum, sem þau telja vera álitlega keppendur til að keppa á næsta Norðulandamóti næstu helgi í tölvupósti á [audurs@gmail.com](mailto:audurs@gmail.com).

#### **4. Styrktarmál TKÍ – umsóknir á heimasíðu TKÍ**

\*Hægt að nálgast formið á [www.taekwondo.is](http://www.taekwondo.is). TKÍ vill benda á að styrkbeiðnir eru ekki afgreiddar beint nema að þjálfari eða formaður félagsins kvitti fyrir umsókninni.

- Félagaskipti

\*Hægt er að nálgast félagaskiptaform einnig inn á [www.taekwondo.is](http://www.taekwondo.is)

\*Fyrirspurn kom hvort sambandið vissi um eða þekkti til styrktarmála sem hægt er að vísa til og félögin geti sótt um – Samnorræna ráðherranefndin veitti t.d. stóran styrk á sínum tíma. Tillaga um að TKÍ athugi þetta nánar.

#### **5. Skuldir iðkendagjalda félaganna.**

\*Reikningar afhentir til þeirra félaga sem ekki eru búin að borga.

\*Þau félög sem ekki eru skráð í sambandið greiða hærri keppnisgjöld.

\*Öll félög geta sótt um styrki en þau sem eru ekki skráð í sambandið hafa ekki atkvæðarétt á ársþingum.

\*Þau félög sem eru skráð – þau eru að skila sambandinu tekjum sem fara til keppenda s.s. útbreiðslustyrkir.

#### **6. Bréf sem TKÍ bærust í haust**

- **Umræða á vef TKÍ – Íslandsmóti aflýst ofl.**

\*Umræða varðandi störf TKÍ og val í landsliðið.

\*Gagnrýni varðandi það að TKÍ hefur ekki svarað þeim bréfum sem þeim hefur verið send. Þeir aðilar sem sendu tiltekin bréf hefðu viljað fá tilkynningu um allavega móttöku bréfanna og/eða svar.

\*Aðilar vildu einnig fá svör við ákveðnum spurningum sem þeim fannst ekki hafa verið nógu vel farið með af hálfu TKÍ undanfarið ár.

\* Farið var yfir bréfin lið fyrir lið þrátt fyrir óþökk ýmissa fundarmeðlima.

a) Þjálfaranámskeið – ekki eru þjálfaranámskeið haldin fyrir framhaldsþjálfara á vegum TKÍ í dag.

Gagnrýni á TKÍ að standa ekki nógu vel að þjálfaramálum.

b) Verið er að vinna að námsefni – áætlað er að þetta taki tíma en vonandi á næsta ári sem það verður tilbúið.

c) Gagnrýni á að TKÍ auki ekki og haldi við áhuga nemenda. TKÍ telur að það sé á ábyrgð félaganna að halda við og auka áhuga félaganna. TKÍ vill endilega að félögin geti komið til sambandsins og beðið um að sambandið styðji félögin með ráðleggingum eða hugmyndum jafnvel sem og styrkjum ef sambandið sér sér fært um að veita.

\* Tillögur frá Ssang young ráði að auka iðkun íþróttarinnar að stofna deildir út um allt en spurningamerki er sett við það af fundarmanni um að það sé erfitt vegna skorts á góðum þjálfurum. Frekar að hlúa að þeim deildum sem til eru nú þegar og stækka þær hægt og þétt.

\*Gagnrýni á TKÍ varðandi litlar upplýsingar til félaga um hvað félagið hefur verið að gera og hvað það stendur fyrir. Bent er á að hægt er að nálgast það sem stjórn TKÍ hefur verið að gera bæði síðastliðið ár og eitthvað aftur í tímann er hægt meðal annars hægt að finna á heimasíðu [www.taekwondo.is](http://www.taekwondo.is) undir TKÍ og fundargerðir.

\* Mikil gagnrýni á að Rut Sigurðardóttir hafi ekki fengið svar við bréfi sínu til TKÍ. TKÍ lofar Rut að senda henni formlegt svarbréf innan skamms.

\*Tillögur að efla starfið t.d. með útgáfu námsefnis sem nú þegar er til. TKÍ vill endilega taka allar hugmyndir til greina sem eflt geta íþróttina og aukið áhuga á iðkun.

Ekki var hægt að halda umræðum áfram vegna tímaskorts.

## **7. Ársþing TKÍ 2008. – dagsetning -fundarboð.**

Uppástungur nýrra stjórnarmeðlima TKÍ fyrir næsta þing.

Ný stjórn 2008 – sem samanstendur að lágmarki að félögum 3ja félaga innan TKD deildanna til að sitja í stjórn sambandsins.

Útfyllingar og skil á kjörbréfum.

\*Þarf að vera búð að skila ársreikningum fyrir 1. maí 2008 samkvæmt lögum TKÍ.

\*Félögin þurfa að leggja höfuðið í bleyti varðandi hvort þau sjái sér fært að senda fulltrúa frá sér inn í stjórnina. TKÍ leggur til að félögin virkilega íhugi þessi mál vel og vandlega annars er hættu á því að Taekwondosamband Íslands leggist niður ef ekki nást nógu margir í næstu stjórn.

## **8. Lagabreytingar**

\*Næsta þing

## **9. Félagaskipti**

\*Hægt er að nálgast eyðublað varðandi félagaskipti á netinu [www.taekwondo.is](http://www.taekwondo.is).

## **10. Styrkur frá Budo Nord á landsliðgöllum sem inniheldur:**

- Keppnisgalla, utanyfirgalla – bolir – töskur.

Þeir sem fá galla verða að skrá sig fyrir honum og skila honum aftur eftir notkun. Bannað að gefa galla eða annað sem er merkt landsliðinu. TKÍ útbýr samning til undirritunar fyrir landsliðkeppendur þar sem ábyrgð fellur á móttakendur gallanna sem trygging sem sýnir framá góða umhirðu og að hlutum merktum landsliðinu sé sýnd virðing.

\*Nýi utanyfir og keppendagallinn sýndur af afmælisbarni dagsins Auði Önnu.

\*Verðmæti hlutanna í heildina er um 10-15.000 evrur. Styrkurinn gildir út 2008.

## **11. Tryggingar keppenda sem eru að fara að keppa erlendis.**

\* Að öll félög bendi sínum keppendum á að kanna hvernig tryggingamálum þeirra er háttað hjá sínu tryggingafélagi. TKÍ reynir að setja inn uppl. á [www.taekwondo.is](http://www.taekwondo.is) er snúa að tryggingum keppenda.

## **Önnur mál:**

Selfoss – nýtt félag skrá inn í Felixkerfið.

\*Deildin orðin formleg og boðin velkomin í sambandið.

\*Umræður um skipulag Dans ráðsins.

\*Umræður á netinu – annaðhvort loka á umræðuherbergið eða reyna að nýta þetta á uppbyggingalegan hátt.

Hægt er einnig að samþykkja umræður áður en þær eru birtar eins og það var áður.

\*Hægt er að óska eftir fundi við TKÍ ef áríðandi mál eru ofarlega á baugi hjá félögunum.

\*Tillaga um að halda formannafund t.d. annað hvern mánuð einnig.

**Fundi slitið kl. 21:08**